



Alþýðusamband Íslands

Alþingi
Erindi nr. Þ 140/1656
komudagur 29.3.2012

Nefndasvið Alþingis
Utanríkismálanefnd
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 29. mars 2012.
Tilvísun: 201203-0020

Efni: Tillaga til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um aðlögunar- og viðræðuferli Íslands og Evrópusambandsins, 39. mál.

Á ársfundi Alþýðusambands Íslands sem haldinn var 23. og 24. október 2008 var samþykkt ályktun þar sem segir m.a.:

„Það er skoðun ASÍ að yfirlýsing um að sótt verði um aðild Íslands að ESB og upptöku evru sé eina færa leiðin. Þannig verði látið á það reyna í aðildarviðræðum hvaða samningur Íslandi standi til boða og hann lagður fyrir þjóðina í atkvæðagreiðslu.“

Þessi afstaða var síðan áréttuð á aukaársfundi ASÍ í mars 2009.

Á grunni framangreindrar afstöðu taka fulltrúar Alþýðusambandsins virkan þátt í starfi þeirra samningahópa sem undirbúið hafa aðildarviðræðurnar við Evrópusambandið og unnið hafa að því að móta samningsmarkmið Íslands í aðildarviðræðunum á grundvelli samþykktar Alþingis frá því 19. júlí 2009 og nefndarálits meirihluta utanríkismálanefndar sem henni fylgdi. Það er markmið Alþýðusambandsins með þátttöku í starfi samningahópanna og annars staðar þar sem aðildarviðræðurnar við ESB eru á dagskrá að ná sem bestum samningi fyrir Ísland og íslenskt launafólk. Það verður síðan íslensku þjóðarinnar að ákveða í þjóðaratkvæðagreiðslu hvort hún vill ganga í Evrópusambandið á grundvelli þess samnings sem gerður verður.

Í ljósi framanritaðs leggur Alþýðusamband Íslands til að þingsályktunartillagan verði felld.

Virðingarfyllst,

F.h. Alþýðusambands Íslands

Halldór Grönvold,
aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ